

og að samband þeirra væri endanlega búið. Fram að því hafði hún bara sagt honum að hún hefði flutt út þar sem hún vissi ekki hvað hún vildi. Mér létti í raun óskaplega mikið, það var allt betra en að þurfa að segja honum þetta sjálf.

Við komuna á flugvöllinn í Frankfurt hlupu stelpurnar í fangid á Tryggva. Ég átti von á því að næst myndi hann faðma mömmu og ég myndi standa hjá eins og venjulega sem fimmta hjólið. Mér að óvörum tók hann mig fast í fang sér, svo fast að nefið á mér flatist út á breiðri bringummi. Mig langaði kannski alveg smá til að faðma hann á móti en ég gat það ekki þar sem ég hélt á fiskibollunum í vinstri hendi og bakpokanum í hægri.

— Mikið er gott að sjá þig, Hrafnhildur mín. Takk fyrir að leggja þetta allt saman á þig.

Sagði hann þetta af því hann var með samviskubit yfir því að draga alla fjölskylduna til Þýskalands eða var hann þetta búinn að vera svona rosalega einmana? Eða hugsaði hann með sér að núna þyrfti hann að vera þínulífið þabbi þennar Hrafnhildar? Það skipiti kannski engu máli en ég þann að hann var einlægur og vildi taka vel á móti mér. Mér lannst ofsalega gott að heyra hann segja þetta og þínulífið gott að hann skyldi faðma mig á undan mömmu. Ég þessdi mig úr fangri hans og allt sem ég gat sagt var:

— Takk, en ég hef sko engan áhuga á að vera hér.

Fyrstu kynni mín af Þýskalandi voru: hraðbrautir, snyrti-mennska og skógur. Við þurfum að keyra í nokkra tíma til að komast í bæinn okkar. Í byrjun ferðarinnar var mamma eins og sprungin blaðra í framsætinu, hún steinsvaf og stelpurnar líka. Ég hafði sofið í vélinni og gat því notið útsýnisins á meðan Tryggvi stýrði stoltur nýja bílnum okkar sem var dökklblár og glansandi BMW með sóllúgu. Ég horfði á þorpin þjóta hjá hvert af öðru á meiri hraða en leyflegur er á Íslandi og leiddi hjá mér lögin með U2 og Coldplay. Það hafði rígt þegar við lentum en á miðri leið braust sólin fram og vakti mömmu sem fór strax að dásama umhverfið.

— Guð, hvað allt er fallegt hérna! Að sjá blómin og gróðurinn miðað við heimal. Þetta er eins og í bíómynndi. Finnst þér útsýnið ekki fallegt, Hrafnhildur?

— Ekkert spes, svaraði ég.

Við stoppuðum í fallegum smábæ þar sem við fengum okkur pítu og ís. Ég gat ekki orða bundist og sagði:

— Nú, bara brauð og sykurlíki? Á strax að byrja að eitra fyrir manni?

Mamma og Tryggvi létu sér nægja að líta hvort á annað með augnaráði sem sagði: Tökum þennan slakka síðar.

En pítan var hríkalega góð og ísinn ekki verri. Þvílíka una fengum við á ekta ífélakum veitingastað og þar kunnir fólk að gera þunnar pítur með stökkum botni sem

limuðu af hvítlauk og basilíku. Í ísbúðinni var hægt að velja á milli ótal tegunda og það var raunverulegt berjabragð af skógarberjásnum. Það er þá alla vega eitthvað gott við þetta land, hugsaði ég þegar ég hallaði höfðinu aftur og naut þess að geta setið úti á hlýraból og látið sólina skína á mig. Það má mögulega venjast þessu, skrifaði ég við mynd og setti á instagram. Aðra mynd sendi ég Lindu á snappinu með þessum skilaboðum: Betri en Huppuís.

Þegar líða tók á ferðina vappaði ég á milli samfélagsmiðla til að styrtta mér stundir. Þá uppgötvaði ég að það var fimmtudagur fyrir verslunarmannahelgi, allir á leið út úr bænum og sumir á leið til útlanda. Í öllu mínu hugarangri fyrir brottför hafði það alveg farið fram hjá mér en nú þirtust myndir af vinnum og ættingjum á leið hingað og hingað: Helga systir mömmu á leið til Eyja með stelpurnar sínar, Aldís bekkjarsystir á leið til Kaupmanna-lands, einhverjir á leið í bústað en Linda á leið á Ungverskafélagsmótið. Ég svaraði nokkrum snöppum en fékk ekkert svar frá Lindu. Kannski var hún að keppa, mig hingaði samt að heyra í henni. Það var óþærlileg afhyggja að margir mánuðir myndu líða þar til við ættum kúrt saman uppi í rúminu mínu og spjallað um allt og þetta, farið í bíó eða horft saman á þætti heima hjá hvor annarri.

Við vorum komin út af hraðbrautinni og farin að hringja nýja heimilið okkar þegar ég fékk frá henni skilaboð:



Sorri, en ég vildi bara láta þig vita að Kormákur póstaði mynd af ykkur.

Whatt! Sendu mér.

Ekkert alvarlegt.

Sendu mér plis.

Gleymdu þessu vildi bara láta þig vita.

Strax plis.

Mér fannst líða heil eilífð þangað til hún lét loksins undan nauðinu í mér og sendi mér myndina. Myndin var ömurleg og ég leit hræðilega illa út frá hlið með hálfopin munnin eins og gullfiskur. Það færi ekki fram hjá neinum sem sæi hana að ég hefði verið að gráta, augun rauðbrútin og römmuð inn í dökka bauga. Myndin var tekin ofan frá og það sást vel í kæliboxið sem ég hafði lagt frá mér á afgreiðsluborðið, á meðan ég borgaði. Við hliðina stóð skælbrosandi Kormákur í hvítu hettupeysu merktri Superdry og fyrir neðan stóð: ... *hmm, innanlandsflug frá Keflavík? ... alla vegna er þessi á leið á #þjóðhátid með nesti, ég á leið til Stokkholms að keppta, áfram Ísland, bless Ísland!*

Djöfulsins kvikindið! Að Linda skyldi ekki sjá í gegnum þennan ómerkilega gaur var mér óskiljanlegt. Restina af leiðinni kepptist ég við að senda Lindu skilaboð þar sem ég reyndi að pressa hana til að hafa samband við Kormák og heimta að hann tæki myndina út. Hún skildi mig ekki eða þóttist ekki skilja mig og reyndi að veita Kormák og skrifaði: ... það er nú ekki eins og þú náin á myndinni.

Ertu blind? Ertu hálfviti? Langaði mig til að skrifa en hélt aftur af mér. Þorði hún virkilega ekki að biðja hann um að eyða einni ömurlegri mynd út af síðunni hjá sér? Hvað var málið? Mér fannst hún vera gunga og hugleysingi að geta ekki staðið með mér og skilið hvað það væri glatað og niðurlægjandi að láta birta mynd af sér grátbólginni. Af hverju í andskotannum gat hún ekki bara haft samband við hann og klárað þetta mál? Við Linda höfðum svo til aldrei orðið alvarlega ósáttar og ég þurfti síst á því að halda að það slettist upp á vinskapið núna. Mest langaði mig til að biðja hana um símanúmerið hans en ég gat ekki hugsað mér að tala við þetta ógeð.

— Er eitthvað að? spurði mamma þegar hún opnaði dýrnar aftur í og sá mig hamast við að pikka á símann.

— Ekkert sem þér kemur við, sagði ég og steig út úr bílinum.

Við mér blasti þriggja hæða krítarhvít einbylishús með fallegum brúnum gullgum.

Garðurinn fyrir framan var allur í blómum og grasíð var nýslegið. Húsið var miklu flottara en það sem við þruggum í heima. Mér leið eins og leikara í eigin líff þegar ég stóð utangátta við bílinn og góndi á umhverfið. Mér þannist ég hvorki vera né ekki vera á staðnum. Mamma, þyngvi og stelpurnar æddu inn í hús og út aftur, rétt eins og þau væru á sviði sem ég horfði á úr farska. Ég gekk um með kæliboxið á handleggnum og pokann á bakinu.

— Ég vil fara heim til Íslands, sagði Auður og horfði þyngvi á hvíta veggina í stofunni.

— Ég vil sofa í ömmuhúsi, sagði Hugrún.

— Ég er svöng, sagði Auður og byrjaði að vola.

— Við finnum einhvern góðan veitingastað á eftir, sagði mamma.

Þá fleygði Hugrún sér á gólfð og snei sér með sínum alkunnu spörkum hring eftir hring á bakinu og endurtók í sífellu: — Ekki aftur í bíl, ekki aftur í bíl.

— Af hverju borðum við ekki bara bollurnar? spurði ég og lagði þær á eldhúsborðið.

Þá brosti mamma og tók utan um mig.

— Það er rétt, það er sennilega best, sagði hún.

Tryggvi fór út í búð og keypti kartöflur, karrísósu í pakka og grænmeti. Við fyrstu máltíðina okkar á þessu nýja heimili sátum við á garðhúsgöngnum sem hann hafði komið fyrir í borðstofunni. Við létum okkur hafa það að drekka kranavatnið þótt okkur þætti það vont á bragðið. Allt féll í dúnalogn á meðan við borðuðum bollurnar af bestu lyst. Á endanum sofnuðu stelpurnar fram á diskana sína og Tryggvi bar þær inn í rúm.

— Takk fyrir að leggja á þig að koma með bollurnar, Hrafnhildur mín, sagði mamma örliúð skömmustuleg.

— Ekkert mál.

— Ég þakka ömmu þinni fyrir þær þegar ég hringi í hana á eftir og læt hana vita að við séum komnar alla leið. Hún veit hvað hún syngrur. Guð minn almáttugur, hvað ég er annars þreytt.

— Ég lka, sagði ég, gekk út í garð og lagðist kylliflöt á jörð í nýju landi.

Fyrsta kvöldið á nýja heimilinu hugsaði ég einungis um það hvernig ég gæti fengið Lindu til að hringja í Kormák og skipa honum að fjarlægja myndina. Hún ein gat hjargað mér. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir mínar var það ekki fyrir en ég lagðist á koddann í einmanalegu herberginu mínu að það bárust önnur skilaboð frá Lindu.

Þótt í dag, ég vil að þú vitir að ég skil þin viðbrögð mjög vel en K hefur samt pottþétt ekki verið að meina neitt illt með þessu þinna fundist þú örurvísi og spes og þess vinnja póstað myndinni vildi pottþétt bara hla þraugilegu hliðina á þessu.

Takk, skrifaði ég á móti, en geturðu hringt í hann í síðasta lagi NÚNA og sagt honum að eyða myndinni? Ég er að biðja þig í alvöru.

Því miður þútt að hugsa aðeins um hana þútt á morgun.